

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar er taki gildi 1. apríl 1990:

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 38, 23. janúar 1990.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um . . . . . 1,52%

*Iðnaðarráðuneytið, 23. mars 1990.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### vegna greiðslna sjúkratrygginga fyrir rannsóknir og meðferð veitta á heilsugæslustöð, aðra en læknishjálp.

#### 1. gr.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiðir heilsugæslustöðvum fyrir rannsóknir og slysamóttöku, sem hér segir:

- a) Fyrir hverja röntgenrannsókn gjald sem er 15% af A-lið röntgentaxta sjúkrahúsa.
- b) Fyrir hverja slysamóttöku gjald sem er 30% af B-lið slystaxta sjúkrahúsa.
- c) Fyrir hverja blóðmeina- og meinefnarannsókn gjald sem er 60% af umsaminni sérfræðigjaldskrá Læknafélags Reykjavíkur fyrir utansjúkrahússjúklinga, enda sé rannsókn framkvæmd af starfsfólki sem sérstaklega er til þess ráðið.

Á reikningi skal taka fram nafn og kennitölu sjúklings, hvaða dag verkið var unnið, hver vann það og hvert verkið var.

#### 2. gr.

Gjald skv. 1. gr. a) og b) tekur þeim breytingum sem verða á tilvitnuðum töxtum, samkvæmt ákvörðun daggjaldanefndar. Gjald skv. 1. gr. c) tekur breytingum í samræmi við umsamda sérfræðingagjaldskrá Læknafélags Reykjavíkur.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu með síðari breytingum öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 63/1985 vegna greiðslna sjúkrasamlaga fyrir rannsóknir og meðferð veitta á heilsugæslustöð, aðra en læknishjálp.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. mars 1990.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*